

**Nd. 1122. Frumvarp til laga**

um byggingu nokkurra raforkuveitna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að koma upp á árinu 1945 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa og annast rekstur hennar fyrst um sinn. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árinu 1945 eða 1946 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar í Árnessýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu svo og að annast rekstur þeirrar veitu fyrst um sinn. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árunum 1945—1946 orkuveitum frá Akureyri til Dalvíkur með línu til Hriseyjar og frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og Reykjahverfis. Ríkisstjórninni heimilast að annast rekstur á þessum veitum fyrst um sinn.

Rekstur á raforkuveitum þessum getur ríkisstjórnin falið rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

**2. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að 12 millj. króna lán til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1. gr.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.